

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ "	kr. 2 000.00
b) fyrir mæla eða hemla 1"—2"	— 4 000.00
c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri	— 8 000.00

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Allt að 400 m ³	kr. 636 165.00
400— 2000 m ³	— 636 165.00 + 510.00 kr. pr. m ³ þar yfir.
2000— 6000 m ³	— 1 452 165.00 + 435.00 kr. pr. m ³ þar yfir.
6000—10000 m ³	— 3 192 165.00 + 380.00 kr. pr. m ³ þar yfir.
Meira en 10000 m ³	— 4 712 165.00 + 330.00 kr. pr. m ³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 76 600.00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar síðasta málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 4 000.00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1980 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 3 6. janúar 1939 um próf fasteignasala.

1. gr.

Í stað „50 krónur“ í 2. mgr. 7. gr. komi: 40 000 krónur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 47 11. júní 1938 um fasteignasölu, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. maí 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.